

Samhentir Kassagerð hf.
Suðurhrauni 4a 4a
210 Garðabæ

26. júní 2025
UOS2506351/F.T.

Tímabundin stöðvun markaðssetningar á Stomp Aqua

Umhverfis- og orkustofnun vísar til meðfylgjandi eftirlitsskýrslu vegna eftirlits sem fram fór þann 26.5.2025 í Samhentir Kassagerð hf., Suðurhrauni 4a, 210 Garðabæ. Í eftirlitsskýrslunni er greint frá umfangi og niðurstöðum eftirlitsins en líkt og þar kemur fram var markmið þess að skoða hvort ákveðnar vörur sem eru til sölu hjá rekstraraðila uppfylltu skilyrði í markaðsleyfi og reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna sem innleiðir reglugerð (EB) nr. 1272/2008 (CLP). Skoðaðar voru 17 vörur og reyndust 6 vörur ekki uppfylla kröfur sem settar eru fram í þeim lögum og reglugerðum sem falla undir umfang eftirlitsins. Fjallað verður um 5 frávík í öðru bréfi stofnunarinnar og tekur bréf þetta til þess sjötta.

Plöntuverndarvörur þurfa markaðsleyfi sem Umhverfis- og orkustofnun gefur út, sbr. 35. gr. efnalaga og 5. gr. reglugerðar nr. 544/2015, og sbr. reglugerð (EB) nr. 1107/2009. Samkvæmt 35. gr. efnalaga er óheimilt að markaðssetja og nota plöntuverndarvörur sem ekki hafa markaðsleyfi. Plöntuverndarvörur skal setja á markað undir því heiti sem tilgreint er í markaðsleyfi. Í markaðsleyfi er tilgreind sú vara sem leyfið nær til, leyfileg notkun hennar og þær takmarkanir sem gilda.

Eins og greint er frá í meðfylgjandi eftirlitsskýrslu markaðssetur fyrirtækið Samhentir Kassagerð hf. plöntuverndarvöruna Stomp Aqua á Íslandi. Plöntuverndarvaran Stomp Aqua er ekki með markaðsleyfi á Íslandi. Því er óheimilt að bjóða vöruna fram á markaði miðað við núverandi stöðu.

Íslenskur merkimiði sem tiltækur er fyrir vöruna hjá fyrirtækinu er ekki réttur þar sem hann er fyrir plöntuverndarvöruna Stomp CS en ekki Stomp Aqua. Á íslenska merkimiðanum er vísað í númer markaðsleyfis vegna neyðarástands í plöntuvernd nr. UST202202-278 sem gefið var út fyrir Stomp CS á árinu 2022 og er útrunnið. Samhentir Kassagerð hf. var ekki leyfishafi og hafði því ekki heimild til að markaðssetja Stomp CS á grundvelli leyfis nr. UST202202-278.

Að mati Umhverfis- og orkustofnunar gengur markaðssetning vörunnar Stomp Aqua, sem ekki hefur markaðsleyfi, gegn ákvæðum efnalaga og reglugerðar um plöntuverndarvörur. Með markaðssetningu er átt við það að sjá þriðja aðila fyrir vörunni eða bjóða hana fram, hvort heldur er gegn greiðslu eða án endurgjalds.

Um brot gegn ákvæðum efnalaga og reglugerða settra skv. þeim fer samkvæmt ákvæðum XIII. og XIV. kafla laganna og er Umhverfis- og orkustofnun m.a. heimilt, skv. 57. gr. laganna, að stöðva markaðssetningu á vöru þegar í stað þegar grunur leikur á að varan uppfylli ekki skilyrði laganna eða reglugerða settra samkvæmt þeim. Í því felst að Umhverfis- og orkustofnun getur tekið úr sölu eða dreifingu eða innkallað tiltekin efni, efnablöndur eða hluti sem innihalda efni, þar til úr hefur verið bætt.

Með hliðsjón af framangreindu stöðvar Umhverfis- og orkustofnun markaðssetningu vörunnar Stomp Aqua tímabundið í samræmi við heimild stofnunarinnar skv. 57. gr. efnalaga nr. 61/2013. Í því felst að markaðssetning vörunnar er óheimil þar til bætt hefur verið úr frávikum. Samhentir Kassagerð hf. skal geyma vöruna með öruggum hætti þar til úr hefur verið bætt þannig að varan geti talist uppfylla skilyrði efnalaga nr. 61/2013 og reglugerðar nr. 544/2015 til að vera á markaði.

Umhverfis- og orkustofnun veitir Samhentir Kassagerð hf. frest til 10. júlí 2025 til að upplýsa stofnunina um áætlun um úrbætur. Stofnunin bendir á að úrbætur geta falist í því að sótt yrði um markaðsleyfi fyrir vörunni, endursenda hana til framleiðanda eða farga henni með viðurkenndum hætti. Senda skal tímasetta úrbótaáætlun á opinbert netfang stofnunarinnar, uos@uos.is, merkt málsnúmerinu UOS2506351. Fyrirtækinu er veittur sami frestur til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri í samræmi við 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Það skal áréttað, þrátt fyrir veittan frest til að gera athugasemdir, **að tímabundin stöðvun markaðssetningar á vörunum tekur gildi nú þegar** og gildir þar til viðeigandi úrbætur hafa farið fram sem stofnunin samþykkir. Komi í ljós að liðnum veittum fresti að fyrirtækið hafi ekki brugðist við á viðeigandi hátt er Umhverfis- og orkustofnun **heimilt að beita frekari þvingunarúrræðum í samræmi við XIII. kafla efnalaga til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt lögnum. Stofnuninni er m.a. heimilt að veita áminningu og leggja á dagsektir.**

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að ákvörðun þessi verður birt á vefsíðu stofnunarinnar í samræmi við 5. mgr. 49. gr. efnalaga sem kveður á um að stofnunin skuli birta á vefsíðu sinni upplýsingar um niðurstöður eftirlits og til hvaða úrræða stofnunin hefur gripið jafnóðum og ákvarðanir um slíkt liggja fyrir.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings vegna eftirlits og beitingar þvingunarúrræða verður innheimt í samræmi við gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 1410/2023 þegar málslok liggja fyrir.

Upplýsingar um markaðsleyfi fyrir plöntuverndarvörur má finna á heimasíðu Umhverfis- og orkustofnunar. Velkomið er að leita til sérfræðings stofnunarinnar, Kristínar Silju Guðlaugsdóttir, í síma 569-6000 eða í gegnum netfangið kristin.s.gudlaugsdottir@uos.is, til að fá frekari upplýsingar og aðstoð.

Virðingarfyllst,

Lilja Ólafsdóttir
sviðsstjóri

Frigg Thorlaciús
lögfræðingur